

Reglur Kjósarhrepps um ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra.

Markmið

Markmiðið er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

1.gr.

Réttur til þjónustu.

Sveitarfélagið Kjósarhreppur ber skylda til að veita íbúum sveitarfélagsins ferðaþjónustu í samræmi við almenn markmið laga um málefni fatlaðs fólks og aldraðra. Lögin fela í sér að fólki séu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi miðað við getu hvers og eins og jafna aðstöðumun sem kann að vera til staðar.

Reglur þessar skulu tryggja að fötlun einstaklings komi ekki í veg fyrir að þeir geti stundað atvinnu og nám og notið tómsunda og afþreyingar. Er átt við þá atvinnu, nám og tómsundir sem hin fatlaði einstaklingur hefur valið sér.

Tryggja skal rétt fatlaðs fólks og aldraðra til aksturs á þjónustustofnanir og vegna sértækrar þjónustu við fatlaða og aldraðra.

Skilyrði er að fötlun umsækjanda falli að skilgreiningu laga um málefni fatlaðs fólks 2.gr. laga nr. 59/1992 með síðari breytingum.

2. gr.

Notendur þjónustunnar.

Skilgreindur hópur notenda sem rétt eiga á þjónustu er eftirfarandi:

- Að þjónustu þegi eigi lögheimili í sveitarfélaginu
- Að þjónustu þegi geti ekki nýtt sér þau úrræði sem sveitarfélagið veitir nú þegar (hér er átt við skólaakstur).
- Að þjónustu þegi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingarstofnun ríkisins.
- Að notandi sé eldri en 67 ára, búi sjálfstætt og sé ófær um að nota bifreið vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafi ekki aðgang að eigin farartæki. Sbr. 3. Mgr. 13. Gr laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

3. gr.

Fyrirkomulag og tímabil samþykktar.

Sveitarfélagið Kjósarhreppur gerir samning við þjónustuþega og skulu viðmið ferðafjölda taka tillit til þarfa hver og eins.

Þegar um er að ræða ferðir vegna atvinnu eða náms skal miða við að hver og einn þjónustu þegi fái eins margar ferðir og eðlilegt má telja að atvinna eða nám kalli á, þó að hámarki XX ferðir á mánuði. auk þess á einstaklingur rétt á að lármarki tveimur ferðum þá daga sem viðkomandi sækir þjónustu á þjónustustofnanir eða aðra nauðsynlega þjónustu sem veitt er fötluðu fólki og öldruðum.

Ferðir vegna afþreyingar eða tómsunda skulu metnar í samráði við hvern og einn og skal í öllum tilfellum meta þarfir og markmið viðkomandi einstaklings og getu hans að ná þeim markmiðum.

4. gr.

Afgreiðsla beiðna um akstursþjónustu.

Umsókn um ferðaþjónustu skal berast Kjósarhreppi í gegnum Mínar síður Kjósarhrepps. Í umsókn skal veita almennar upplýsingar um umsækjanda, óskir um fjölda ferða, tímabil og í hvaða tilgangi þær eru farnar. Þá skal tilgreina fötlun umsækjanda og hvort hann hafi umráð yfir bifreið. Þegar sótt

er um ferðþjónustu í fyrsta sinn skal leggja fram staðfestingu sérfræðings um þörf fyrir ferðþjónustu og fjölda ferða. Umsóknir um ferðþjónustu eru almennt samþykktar til árs í senn. Heimilt er þó að samþykkja ferðþjónustu til lengri tíma, allt að þriggja ára sé ljóst að ekki sé að vænta breytinga á þörf umsækjanda fyrir þjónustu.

5. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum notenda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að því marki að ekki stangist á við trúnað gagnvart öðrum.

6. gr.

Niðurstaða, rökstuðningur synjunar og málskot til félagsmálanefndar

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu skriflega svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað í heild eða að hluta getur umsækjandi krafist rökstudds, skriflegs svars um forsendur þess. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að skjóta synjuninni til félagsmálanefndar Kjósarhrepps til endurskoðunar. Beiðni um endurskoðun skal koma fram innan fjögurra vikna frá því að umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun.

7. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Það felur meðal annars í sér að umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar Kjósarhrepps til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

8. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1990, með síðari breytingum, og við gerð þeirra er stuðst við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðþjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

Lögum um málefni aldraðra 3.mgr. 13. gr nr. 125/1999

Samþykkt í hreppnefnd fundi nr. 224 þann 02. desember 2020.